

**Sp.**

**26. Tillaga til þingsályktunar**

[25. mál]

um byggingu skips til Vestmannaeyjaferða.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson,  
Steinþór Gestsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða nú þegar að láta byggja nýtt skip til Vestmannaeyjaferða og leita tilboða í smíði þess á grundvelli tillögu stjórnskipaðrar nefndar um samgöngumál Vestmanneyinga, sem fram kemur í álitsgjörð nefndarinnar til samgönguráðuneytisins.

**Greinargerð.**

Þingmenn Suðurlandskjördæmis fluttu á Alþingi 1972 tillögu til þingsályktunar um samgöngumál Vestmanneyinga. Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar til fyrirgreiðslu og skilaði nefndin eftirfarandi álit, sem dagsett er 22. mars það ár:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa 5 manna nefnd, er gera skal tillögu um það, með hverjum hætti samgöngur við Vestmannaeyjar verði best tryggðar. Skulu tveir nefndarmenn tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja, einn af Skipautgerð ríkisins, einn af flugmálastjóra og einn af samgönguráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar.“

Tillagan var samþykkt með samhljóða atkvæðum á fundi sameinaðs Alþingis hinn 18. apríl 1972, og skipaði samgönguráðherra nefndina í samræmi við ályktun Alþingis með bréfi dags. 24. maí sama ár. Nefndin starfaði þá um sumarið og haustið að athugun málsins og skilaði samgönguráðuneytinu álit sínu með bréfi dags. 1. des. 1972, og er tillaga nefndarinnar varðandi samgöngur á sjó milli Vestmannaeyja og meginlandsins svohljóðandi:

„Að athuguðum þeim skjölum og upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér, og með hliðsjón af félagslegum og vistfræðilegum atriðum málsins, samþykkir nefndin að leggja til, að nýtt skip verði byggt fyrir Vestmannaeyjaferðir, til farþega- og vöruflutninga og jafnframt sérhæft til bifreiðaflutninga, en telur það hins vegar vera ákvörðunarefni rétttra stjórnvalda að taka afstöðu til þess, hvenær það verður gert.“

Með álitsgjörð nefndarinnar til samgönguráðuneytisins fylgdi teikning og útbodslýsing á skipi, sem nefndin taldi að henta mundi til siglinga milli lands og Eyja og uppfylla þær kröfur, sem fram eru settar í álitsgjörð nefndarinnar um hún að skipsins og flutningsgetu.

Má því segja, að málið sé komið á lokastig hvað undirbúningur varðar. Aðeins er eftir að taka ákvörðun um byggingu skipsins og leita tilboða í smíði þess, eins og tillaga sú, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir.

Í greinargerð með tillögu þeirri um samgöngumál Vestmanneyinga, sem flutt var á Alþingi 1972, og í framsöguræðu fyrir till. var gerð ítarleg grein fyrir nauðsyn á byggingu á nýju skipi til Vestmannaeyjaferða og því ekki ástæða til að endurtaka þau rök hér. Aðeins skal á það bent og það undirstrikað, að þörfin fyrir nýtt skip til ferða milli lands og Eyja hefur aldrei verið brýnni en nú í dag, og eru allir, sem til þekkja, sammála um, að uppbygging Vestmannaeyja eftir eldgosið á Heimaey velti beinlínis mjög á því, hversu fljótt og vel daglegum ferðum verði komið á sjóleiðis milli lands og Eyja. Þetta er ekkert óeðlilegt, þegar athugaðar eru þær kröfur, sem önnur byggðarlög í nánunda við þéttbýlissvæðið við Faxaflóa gera í sambandi við samgöngumál. Má þar til dæmis nefna Akranes, sem er í beinu vegasambandi við Faxaflóasvæðið. Þaðan eru þrjár daglegar ferðir til Reykjavíkur, og vart hefur komið til álits að fækka þessum ferðum, hvað þá að leggja þær niður, enda hlýti slíkt að teljast með öllu óeðlilegt. Ein örugg ferð daglega sjóleiðis með skipi, sem uppfyllir þær kröfur til farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga, sem fram koma í tillögu hinnar stjórnskipuðu nefndar um samgöngumál Vestmanneyinga, hlýtur að vera alger lágmarkskrafa þess fólks, sem nú og í framtíðinni kemur til með að búa í Vestmannaeyjum.

Þegar rætt er um að byggja nýtt skip til Vestmannaeyjaferða, hlýtur jafnhliða að verða að skoða fjárhagshlið málsins, því að hér er vissulega um allkostnaðarsama framkvæmd að ræða.

Sýnist þar tvennt koma til greina:

Annars vegar, að tekið verði lán fyrir verulegum hluta af byggingarkostnaðinum, sem síðan yrði greiddur niður, eftir því sem fé yrði veitt til á fjárlögum, og þá reiknað með að dreifa byggingarkostnaðinum á tiltekið árabíl. Hins vegar að nota hluta þeirra frjálsu framlaga, sem Viðlagasjóði hafa borist til uppbyggingar Vestmannaeyja, til greiðslu byggingarkostnaðar skipsins. Væri slíkt ekkert óeðlilegt, þar sem ávallt hefur verið að því stefnt, að skipið yrði eign Vestmanneyinga og því stjórnað frá Eyjum.

Upplýsingar liggja fyrir um, að til greiðslu kostnaðar vegna náttúruhamfaranna í Eyjum og til fullra bóta til Vestmanneyinga samkvæmt reglugerðinni um Viðlagasjóð og lögunum um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna á Heimaey þurfi ekki að fullu að nota það fé, sem borist hefur til Vestmannaeyjasöfnunarinnar frá ríkisstjórnnum Norðurlandanna og fleiri aðilum og Viðlagasjóður hefur veitt móttöku. Er hér á nokkur mismunur, og væri það vissulega í fullu samræmi við óskir gefenda, að framlög þeirra yrðu notuð til uppbyggingar í Eyjum, þannig að byggð mætti sem fyrst rísa þar á ný og blómgast í framtíðinni. En telja verður frumskilyrði fyrir, að svo megi verða, að samgöngumálum Vestmanneyinga verði komið í svo gott horf sem frekast er kostur á. Fé þetta er að visu í bili fast í fjárfestingum, sem Viðlagasjóður hefur ráðist í hér á þéttbýlissvæðinu og víðar til að bæta aðstöðu Vestmanneyinga, meðan þeir neyddust eða neyðast til að dveljast utan heimabyggðar sinnar, og er þar einkum um að ræða fjárfestingu sjóðsins í sambandi við hin innfluttu hús frá Norðurlöndum og stutt lán til sveitarfélaga vegna niðursetningar húsa og til annarra opinberra aðila. Mun fé þetta fljótlega skila sér aftur, þegar Vestmanneyingar þurfa ekki lengur að nota húsin og þau verða seld og aðilar þeir, sem fengið hafa lán hjá Viðlagasjóði, endurgreiða þau.

Er hér um möguleika að ræða, sem flm. telja að skoða beri til hlítar, ef það mætti verða til að leysa þetta mjög svo aðkallandi mál Vestmanneyinga á sem fljótvirkastan og bestan hátt.